

152. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn laugardaginn 31.01. 2026, kl. 10.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

Í upphafi fundar bauð formaður Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóra velkominn á sinn fyrsta hafnarstjórnarfund, en hann tekur formlega við sem hafnarstjóri þann 1. febrúar 2026.

1. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 478 dags. 03.12 2025 og nr. 479 dags. 19.01. 2026. Lagt fram til kynningar.
2. Eftirlitsblað fyrir hafnarvita í Snæfellsbæ. Þriðjudaginn 09.09. 2025, framkvæmdi Vegagerðin formlega skoðun á leiðarmerkjum og hafnarvitum í Snæfellsbæ í samræmi við lög nr. 132/1999, um vitamál. Hafnarstjóri fór yfir skýrsluna og helstu atriði hennar og sagði frá því að engar athugasemdir hafi verið gerðar. Lagt fram til kynningar.
3. Skýrsla um fjárfestingar hafna á Íslandi fyrir tímabilið 2025 – 2040, dags. 16.09. 2025. Skýrslan er unnin af Sjávarklasenum fyrir Hafnasamband Íslands. Hafnarstjóri kynnti efni skýrslunnar m.a. framkvæmdakostnað og fjárförf hafna á tímabilinu. Lagt fram til kynningar.
4. Tillaga að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2026 – 2030. Hafnarstjóri kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir í höfnum Snæfellsbæjar og við sjóvarnir í Snæfellsbæ sem eru í áætluninni á tímabilinu. Þar kemur fram að framkvæmdakostnaður hafnarframkvæmda er áætlaður kr. 1.721.0 m. og kr. 50.4 m. við sjóvarnaframkvæmdir. Lagt fram til kynningar.

Þar sem þetta er síðasti hafnarstjórnarfundur Björns Arnaldssonar hafnarstjóra, en hann lætur af störfum þann 1. febrúar 2026, þá þakkaði hann formanni hafnarstjórnar og hafnarstjórninni allri fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf.

Formaður hafnarstjórnar f.h. stjórnarinnar þakkaði hafnarstjóra fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.55

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Oddur Orri Brynjarsson,
Ægir Ægisson,
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.